

# OXIVIT AKTIV PLUS

## Sóttreinsiefni

Skv. reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

### 1. SÖLUHEITI VÖRU. ÍSLENSKUR FRAMLEIÐANDI, INNFLYTJANDI EÐA SELJANDI.

Söluheiti vöru: **OXIVIT AKTIV PLUS**

Vörunúmer: -

Notkun: Sóttreinsiefni

Öryggisleiðb. nr.: -

Dreifingaraðili: KEMI ehf., Dalbrekku 28, 200 Kópavogi, sími 544 5466, www.kemi.is

Öryggisleiðbeiningar: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Landspítala, Fossvogi, Reykjavík: sími 525 1111

### 2. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
7722-84-1	231-765-0	Vetnispreoxíð	15 - 30	O, C H8-34
79-21-0	201-186-8	Perediksýra	5 - 15	O, C, N H7-10-20/21/22-35-50
64-19-7	200-580-7	Ediksýra	< 5	C H10-35

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

### 3. VARÚÐARUPPLÝSINGAR.

Mjög ætandi í snertingu við húð og augu. Fyrstu einkenni eru kláði eða sviði. Mikil hætta á varanlegum augnskemmdum. Efnið getur haft áhrif á sýrustig í vatni ef miklu magni er hleypt út í umhverfið.



### 4. SKYNDIÐHJÁLP.

Við innöndun:	Tryggið hreint loft. Leitið lækni ef fram koma ofnæmiseinkenni eða erting (öndunarerfiðleikar, hóstaköst) og sýnið öryggisleiðbeiningarnar.
Snerting við húð:	Farið strax úr fötum sem mengast af efninu og skolið húðina með vatni í a.m.k. 15 mínútur. Leitið lækni og sýnið öryggisleiðbeiningarnar.
Snerting við augu:	Skolið strax vandlega með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið; lyftið augnlokum. Flytjið slasaða strax til lækni og haldið skolun áfram meðan á flutningi stendur. Sýnið öryggisleiðbeiningarnar.
Við inntöku:	Skolið munn og háls strax og drekkið mikið af vatni. Framkallið EKKI uppköst. Ef uppköst verða, skal halda höfðinu lágt til að forðast að efnið berist í öndunarvegi. Leitið lækni og sýnið öryggisleiðbeiningarnar.

## Öryggisleiðbeiningar: OXIVIT AKTIV PLUS

### 5. BRUNI / AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD.

- Efni/aðferðir:* Heppilegt slökkviefni er vatn. Ekki má nota kolsýru eða duft. Efnið er eldnærandi. Notið fullan hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf. Haldið umbúðum með efninu á hættusvæðinu köldum með vatnsúða og fjarlægið þær ef hægt er.
- Sérstök hættu:* Efnið brennur ekki en við hitun myndast súrefni sem nærir eldinn. Lokaðar umbúðir geta sprungið ef þær hitna.

### 6. EFNALEKI.

Notið persónuhlífar skv. lið 8 við hreinsunarstörf. Efnið má ekki berast í niðurföll eða holræsakerfi. Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Setjið skemmt efni ekki aftur í upprunalegar umbúðir.

### 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA.

- Meðhöndlun:* Meðhöndlið efnið með varúð. Má ekki nota í lokað kerfi. Hringrásarkerfi þurfa að vera útbúin með öryggisloka. Forðist innöndun gufu eða úða og snertingu við húð og augu. Má ekki blanda við efni sem innihalda klór. Skipuleggið og framkvæmið vinnu þannig að mengun sé eins lítil og kostur er.
- Geymsla:* Geymist í upprunalegum umbúðum vel lokuðum. Opnuðum umbúðum þarf að loka vandlega og geyma uppréttar til að fyrirbyggja leka. Geymið ekki hjá neysluvörum. Geymið ekki með basískum efnum eða efnum sem innihalda klór til að ekki sé hættu á blöndun.

### 8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR.

*Tæknilegar aðgerðir:* Skipuleggið og framkvæmið vinnu þannig að ekki komi til beinnar snertingar við efnið. Vélræn loftræsting er nauðsynleg ef efnið er notað innanhúss. Greiður aðgangur þarf að vera að vatni og augnaskolunartækjum. Setjið notaða hlífðarhanska og síur úr öndunartækjum í sérstakar ruslafötur og fargið sem hættulegum úrgangi.

<i>Mengunarmörk:</i>	Vetnispreoxíð:	(MG)	1 ppm	1,4 mg/m <sup>3</sup>
	Ediksýra:	(MG)	10 ppm	25 mg/m <sup>3</sup>

*Persónuhlífar;*

- Öndunargrímur:* Notið öndunargrímu með síu A ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hættu er á að efnagufur í andrúmslofti fari yfir mengunarmörk. Öndunartæki þurfa að vera viðurkennd skv. EN 133 og CE - merkt. Andlitshlíf ef hættu er á slettum.
- Fyrir augu:* Hlífðarhanskar úr nítrílgúmmí og viðurkenndir skv. EN 374-3 og CE - merktir. Ef óblandað efni berst á hanskana þarf að skipta um hanska strax. Þar sem unnið er með efnið blandað skal hönskunum hent að loknum vinnudegi (8 tímum).
- Fyrir hendur:*

# OXIVIT AKTIV PLUS

## Sóttreinsiefni

*Fyrir húð:* Gúmmísvunta og sýruhelt skótau þar sem hætta er á snertingu við efnið.  
*Hreinlæti við vinnu:* Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna.

### 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR.

*Ástand / útlit / lykt:* Vökvi / tær, litlaus / stingandi  
*Sýrustig (pH):* 1,4 óblandað, u.þ.b 4,4 í 1% lausn  
*Bræðslumark:* -  
*Suðumark:* -  
*Blossamark:* -  
*Hætta á sjálfkveikju:* -  
*Sprengimörk; neðri - efri:* -  
*Eldnærandi eiginleikar:* -  
*Gufubrýstingur:* -  
*Seigja:* -  
*Eðlisþyngd:* 1,13 kg/l  
*Leysni:* -

### 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI.

*Stöðugleiki:* Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður. Stöðugt við hita upp að suðumarki.  
*Aðstæður sem skal forðast:* Hætta á yfirbrýstingi í lokuðum kerfum.  
*Efni sem skal varast:* Málmar og efni sem innihalda klór. Hvarfast kröftuglega við lífræn og basísk efni.  
*Hættuleg niðurbrotsefni:* Blöndun við efni sem innihalda klór getur leitt til myndunar á eitruðu gasi. Í snertingu við suma málma og lífræn efni myndast súrefni sem nærir eld og getur valdið sprengihættu.

### 11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR.

*Við innöndun:* Innöndun gufu eða úða er mjög ertandi og síðan ætandi. Hætta er á lungnaskaða ef þéttni er mikil.  
*Snerting við húð:* Ætandi. Bleikir húðina strax (hvítir blettir sem síðan hverfa).  
*Snerting við augu:* Hætta á alvarlegum augnskaða.  
*Við inntöku:* Ætandi. Jafnvel lítið magn getur valdið alvarlegum skaða.  
*Bráð eiturrif:* Vetnisperoxíð:  
LD50 (húð, kanínur): > 2000 mg/kg  
LD50 (inntaka, rottur): 840 - 1230 mg/kg  
Augu (kanínur): Ætandi  
Peredikýra:  
LD50 (húð, kanínur): 1410 mg/kg  
LD50 (inntaka, rottur): 1540 mg/kg

## Öryggisleiðbeiningar: OXIVIT AKTIV PLUS

Ediksýra:

LD50 (inntaka, rottur): 3310 mg/kg (OECD 401)

Langtímaáhrif:

Engin þekkt.

### 12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU.

Almennt:

Efnið brotnar hratt niður í umhverfinu.

Hegðun í umhverfinu:

Brotnar við notkun niður í vatn og súrefni.

Líffræðileg áhrif:

Vetnisperoxíð - ólífrænt:

LC50 (fiskur): 16,4 mg/l / 96 klst.

EC50 (liðdýr, Daphnia): 2,4 mg/l / 48 klst.

EC50 (þörungur): 3,7 - 160 mg/l / 72 klst.

Perediksýra - brotnar hratt niður í vatn, CO<sub>2</sub> og súrefni:

LC50 (fiskur): 1 - 10 mg/l / 96 klst.

LC50 (liðdýr, Daphnia): 1 - 10 mg/l / 48 klst.

Ediksýra - Brotnar hratt niður lífrænt; OECD 301D > 96% (28 dagar); Log Pow - 0,17 mg/g:

LC50 (fiskur): 75 mg/l / 96 klst.

IC50 (þörungur): 47 mg/l / 96 klst.

Aðrar vistfræðilegar uppl.:

Efnið getur haft áhrif á sýrustig í vatni ef miklu magni er hleypt út í umhverfið.

### 13. FÖRGUN.

Förgun vörunnar:

Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.

Förgun umbúða:

Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.

### 14. FLUTNINGUR.

Flutningur á landi:

ADR/RID flokkur: 5.1 UN-nr.: 3149 Númer og bókstafur:

Nafn efnis: Hydrogen peroxide and peroxyacetic acid mixture, stabilized.

Varúðarmerki: Hættunr.: 58 Pökkunarflokkur: II

Flutningur á sjó:

IMDG flokkur: 5.1 UN-nr.: 3149 Pökkunarflokkur: II

Ems: 5.1-02 MFAG:

Nafn efnis: Hydrogen peroxide and peroxyacetic acid mixture, stabilized.

Varúðarmerki: Sjávarmengandi: nei

# OXIVIT AKTIV PLUS


## Sóttreinsiefni

*Flutningur í lofti:* ICAO/IATA flokkur: 5.1 UN-nr.: 3149 Pökkunarflokkur: II  
*Nafn efnis:* Hydrogen peroxide and peroxyacetic acid mixture, stabilized.  
*Varúðarmerki:*

*Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.*

### 15. UPPLÝSINGAR UM LÖG OG REGLUR SEM VARÐA NOTKUN VÖRUNNAR.

*Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:*



*Varnaðarmerki:* C

*Inniheldur:* Vetnisperoxíð 15 - 30%, peredíksýru 5 - 15%

*H - setningar:* H34 Ætandi.

*V - setningar:* V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

V45 Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

V36/37/39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.

V3 Geymist á köldum stað.

(V1/2) GEYMIST Á LÆSTUM STAÐ ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

*Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:*

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

### 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR.

*Gert þann:* 11-08-03

*Dagsetning frumrits:* 25-07-03

*Gert fyrir:* NOVADAN A/S, DK / KEMI ehf., Dalbrekku 28, 200 Kópavogi, sími 544 5466

*Unnið af:* EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

*Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:*

H7 Getur valdið íkveikju.

H8 Eldfimt í snertingu við brennanleg efni.

H10 Eldfimt.

## Öryggisleiðbeiningar: OXIVIT AKTIV PLUS

H20/21/22 Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.

H34 Ætandi.

H35 Mjög ætandi.

H50 Mjög eitrað vatnalífverum.

*Annad:* Aðeins til notkunar í iðnaði.

Þeir sem vinna með efnið þurfa að vera upplýstir um hættulega eiginleika þess og um nauðsynlegar varúðarráðstafanir við meðhöndlun.

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á þeirri vitneskju sem fyrir liggur um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisleiðbeiningarnar eru gerðar. Varan sjálf hefur ekki verið prófuð en byggt er á upplýsingum um einstök innihaldsefni og um sambærilegar vörur.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá NOVADAN A/S, 6000 Kolding, Danmark.